

Opið sölufjerli á Miðlandi ehf.

Byggingarréttur á allt að 485 íbúðum í Reykjanesbæ

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans hf., býður til sölu allt útgefið hlutafé í Miðlandi ehf., kt. 430579-0109.

Miðland er fjárfestinga- og fasteignafélag sem stofnað var árið 1979 og hefur fjárfest í landi á Neðra-Nikel svæðinu í Reykjanesbæ. Eign félagsins er tvíþætt, annars vegar eignarland sem samtals er um 34 hektarar og er skipulagt undir byggingu á allt að 485 íbúðum ásamt atvinnuhúsnæði (1,4 hektarar) og hins vegar samningur við Reykjanesbæ um að Miðland annist gatnagerð á svæðinu og hljóti tekjur af.

Deiliskipulag fyrir hluta byggingarlandsins er þegar samþykkt og gerir ráð fyrir byggingu á samtals 300 íbúðum. Gatna- og holræsagerð hefur verið unnin að hluta til á svæðinu og hægt er að hefja framkvæmdir á hluta lóðanna nú þegar. Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjanesbæjar er gert ráð fyrir byggingu allt að 185 íbúða til viðbótar.


Sölufjerlið fer fram í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna í eigu bankans. Áhuga-

samir fjárfestar geta haft samband við Fyrirtækjarráðgjöf Landsbankans sem er umsjónaraðili sölufjerlisins með því að senda tölvupóst á netfangið **midland@landsbankinn.is**. Fjárfestar geta óskað eftir því að fá afhenta trúnaðaryfirlýsingu, upplýsingar um hugsanlega hagsmunaaðrekstra og eyðublað vegna hæfismats. Sölufjerlið er öllum opið sem uppfylla hæfismat og geta sýnt fram á fjárfestingargetu að fjárhæð 300 milljónir króna.

Þeir fjárfestar sem skila inn trúnaðaryfirlýsingu og eyðublaði vegna hæfismats og uppfylla hæfismat fyrir þátttöku í sölufjerlinu fá afhent kynningargögn um Miðland þann 10. október og gera tilboð á grundvelli þeirra gagna. Einungis verður hægt að gera tilboð í allt hlutafé í Miðlandi og tilboð sem hljóða upp á minni eignarhluta verða metin ógild.

Fjárfestum er bent á að frestur til að skila tilboðum í 100% af hlutafé í Miðlandi ehf. rennur út kl. 12:00 miðvikudaginn 26. október 2016.

Fyrir hönd Hamla ehf. sem seljanda, Fyrirtækjarráðgjöf Landsbankans hf.



Eignarland Miðlands ehf.

Svæði á mynd	Hektarar
Reitur A	1,04
Reitur C	22,44
Reitur D	9,74
Reitur E (hluti Miðlands)	0,68
Samtals eignarland	33,89

